

heimilistíminn

Umsjón: B.St. og K.L.

■ Í dag kl. 14 opnar danski sendiherrann á Íslandi, J.A.W. Paludan, stóra postulínssýningu á Kjarvalsstöðum. Það er danska fyrirtækið Bing & Gröndahl, sem sýnir sjaldgæfa postulínsmuni, m.a. með sérstökum tengslum við Ísland, sérúnnin listaverk eftir nútíma listamenn, verðmætt safn platta og merka muni, sem nú eru í framleiðslu, m.a. eftir íslenska listamanninn Rúnu (Sigrúnu Guðjónsdóttur). Forseti Íslands verður viðstaddur opunarathöfnina.

Auk sýningarinnar á Kjarvalsstöðum verða sérsýningar hjá umboðsmönnum Bing & Gröndahl víðs vegar um landið.

Hönnunarsamkeppni

Sýningardagana frá Íslendingar um allt land einnig tækifæri til að spreyta sig við postulínshönnun. Hjá umboðsmönnum Bing & Gröndahl eru fáanlegir pappadiskar til að nota í samkeppni um bestu diskaskreytinguna. Hver búð veitir Bing & Gröndahl-styttu í 1., 2. og 3. verðlaun meðal keppenda sinna.

Sögulegir postulínsmunir, m.a. eftir Albert Thorvaldsen

Árið 1978 vígði Bing & Gröndahl, í tilefni af 125 ára afmæli sínu, nýtt safn hjá gömlu verksmiðjunni í miðborg Kaupmannahafnar. Sjálf safnhúsið er þegar marg-verðlaunað fyrir byggingarlist, og í safninu hafa þúsundir áhugamanna um postulínslit út um allan heim séð sýnishorn úr meira en aldarlangri þróun verksmiðjunnar. Úr þessu safni hefur fengist að láni samstæða af mjög verðmætum gömlum munum á sýninguna að Kjarvalsstöðum. T.d. verða til sýnis dæmi um gamlar diskaskreytingar og sérúnnir munir frá hinum miklu heimssýningum fyrri aldar. Einnig verða á sýningunni nokkur af alestu stykkjum dönsku postulínverksmiðjunnar. Þau eru unnin eftir þekktum verkum eftir hinn mikla myndhöggvara Albert Thorvaldsen, og verður m.a. hægt að líta sjálfan meistarann í hinni frægu sjálfsmynd hans. Höggmyndin er endurgerð smækkuð úr hinu ómálada, óglerhúðaða biskví-postulíni. Einmitt verk eftir Thorvaldsen úr þessu sérstaka postulíni var frumframleiðsla Bing & Gröndahl árið 1853.

Gömul hefð í framleiðslu

Að sjálfsgöðu er ógerningur að sýna í öllum atriðum heildarframleiðslu postulíns að gamalli hefð verksmiðjunnar í Kaupmannahöfn. Þó hefur verið leitast við það eftir bestu getu, annars vegar með myndatöflum sem útskýra hvernig postulínsskykki er framleitt ásamt sýnishornum af stykkinu á ýmsum þrepum, og hins vegar með starfandi postulínssmiðju. Einn af skreytingarmönnum Bing & Gröndahl er búinn að færa verkstæði sitt til Íslands til þess að



■ Fyrstu munirir, sem framleiddir voru í verksmiðju Bing & Gröndahl, voru myndir myndhöggvarans Alberts Thorvaldsen.

Bing & Gröndahl:

Postulínssýning á Kjarvalsstöðum

sýna hvernig hún handskeytir postulín eins og gert var fyrir heilli öld að gamalli hefð. Þetta er Lisbeth Hansen postulínsmálari, og hún mun skreyta eitt af sígildum stöllum Bing & Gröndahl, „Empire“.

Margir aðrir af þekktustu leirkersmiðum og postulínslíamönnum Dana verða á sýningunni og gefa víðtækt innsýn í stöðu danskrar postulíns- og steinleirslistar í dag.

Íslenskt ívað nú á dögum

Á Kjarvalsstöðum verða líka merkar nýjungar úr framleiðslu verksmiðjunnar nú, t.d. veggflisar eftir íslenska leirkersmiðinn Rúnu (Sigrúnu Guðjónsdóttur) ásamt heimiklu af nýjungum þessa

hausts frá hinni rótgrónu postulínverksmiðju.

Verðmætt safn platta og séríslenskra platta

Áhugamenn um platta fá tækifæri til að skoða heildarsafn af Bing & Gröndahl-plöttum. Í safninu er auðvitað líka fyrsti jólaplati heims sem Bing & Gröndahl gaf út árið 1895. Hann er nú metinn á um 30.000 kr. og er frægur um allan heim. Platti þessi varð upphafið að safnarahefð sem teygir sig út um allan heim í dag. Á sýningunni verða líka jólaplattar sem Bing & Gröndahl framleiddi sérstaklega fyrir Ísland árin 1928-29-30.

Ýmsir aðrir plattar sem eru sérstaklega tengdir Íslandi verða til sýnis, t.d. minnisplattar um heimsókn Friðriks 8. Danakonungs til Íslands árið 1907, um 1000-ára Alþingishátíð 1930 og 1100-ára þjóðhátíð 1974.



■ Sjálfsmynd Alberts Thorvaldsen þekja flestir Íslendingar, enda stóð hún um langt skeið í fullri stærð á miðjum Austurvelli, en nú síðustu árin í Hljómskálagarðinum. Afsteypu af henni hafa Bing & Gröndahl framleitt.

Hugmyndir fyrir heimilið

Gestir sýningarinnar geta tekið með heim hugmyndir fyrir borðskreytingar. Bing & Gröndahl sýnir 12 veisluborð, öll með borðbúnaði sem er seldur með 25 ára skriflegri viðbótahlutatryggingu frá verksmiðjunni. Henning Koppel, Mexico, Ballerina, Peru, Offenbach, Comet, Julerose, Lövfald, Korinth, Saxneskt blóm, Blámálad og Mávastellið frá því um aldamótin. Af síðastnefndu stelli er sýnd heildarsamstæða, samtals yfir 100 mismunandi hlutir.

Sýningin að Kjarvalsstöðum verður opin:

Fimmtudag	26. ágúst kl. 14-22
Föstudag	27. ágúst kl. 14-22
Laugardag	28. ágúst kl. 14-22
Sunnudag	29. ágúst kl. 14-22
Mánudag	30. ágúst kl. 14-22

Aðgangur ókeypis.



■ Á sýningunni gefur að líta 12 borð dúkuð og lagt á með matarstólum frá Bing & Gröndahl. Þetta jólaborð hafa Hrings-konur skreytt. Hnífapörin eru frá Rammagerðinni, en glösin flytja umboðsmenn Bing & Gröndahl hér á landi inn. Skreytingarnar hafa Hrings-konur sjálfar gert.

(Tímamyndir: Ari)



■ Lisbeth Hansen postulínsmálari situr á sýningunni og malar ýmsa postulínsmuni af miklum hagleik.